

Nr. 20-045 S 032 Ottó N Þorláksson VE 5***Skipverji slasast við hífingar***

Skipaskr.nr. 1578
IMO 7811214
Smíðaður: Stálvík, 1981, stál
Útgerð: Ísfélag Vestmannaeyja hf
Stærð: 878,0 bt 485,46 brl
Mesta lengd: 57,0 m *Skráð lengd:* 50,55 m
Breidd: 10,3 m *Dýpt:* 7,3 m
Vél: MAK, 1619 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 16



Ottó N Þorláksson©Tryggvi Sigurðsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. mars 2020 var Ottó N Þorláksson VE 5 á togveiðum rétt sunnan við Surtsey. Veður: SSA 13–18 m/s.

Skipverjar voru að hífa pokann inn fyrir þegar pokastroffan slitnaði og gilsinn skaust með miklu afli til hliðar og fram eftir skipinu. Gilsinn, ásamt krók og sylgjum, lenti á vinstri handlegg og í síðu eins þeirra með þeim afleiðingum að hann handleggbrotnaði illa. Siglt var með slasaða til Vestmannaeyja og var hann frá vinnu í talsverðan tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði kvaðst hafa staðið u.þ.b. 20 m frá stroffunni og ekki tekið eftir ástandi hennar;
- að skipstjóri ásamt fleirum töldu að stroffan, sem var úr *Dynema* efni, hafi sennilega verið orðin léleg en fram kom að pokastroffa hafi oft slitnað áður en aldrei á þennan hátt;
- að skipverjar höfðu fyrir atvikið talið staðsetningu slasaða vera örugga þar sem hann stóð til hliðar en ekki í skotlínu;
- að eftir atvikið var verklagi breytt þannig að skipverjar standa í vari og fylgst er betur með pokastroffum og þeim skipt örur út;
- að ekki lá fyrir áhættumat um borð fyrir þessar aðstæður.

Nefndarálit:

Orsök slyssins virðist mega rekja til slæms ástands á pokastroffu.